

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um hausthreppaskila- 68**  
**þing í Torfalækjarhreppi. 30. apríl**

Samkvæmt þarum framkominni beiðni hreppstjórans í Torfalækjarhreppi fyrir hönd nokkurra búenda í hreppnum og tillögum sýslunefndarinnar í Austur-Húnavatnssýslu veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að framvegis megi halda hausthreppaskilaþing fyrir Torfalækjarhrepp á hinum forna þingstað hreppsins, Torfalæk.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum nokkurra presta. 69**  
**4. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, og ósk hlutaðeigenda hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum 1910 að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta:

A. Í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

1. Síra Þorleifur Jónsson á Skinnastað.
2. Síra Jón Jónsson á Stafafelli.

B. Í öðrum launaflokki (1500 kr.).

1. Síra Ólafur Magnússon í Arnarbæli.
2. Síra Jóhann L. Sveinbjarnarson á Hólmum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

**Bréf stjórnarráðsins til forstöðunefndar utanþjóðkirkjusafnaðarins í Gaulverja- 70**  
**bæjarsókn um rýmkun á takmörkum safnaðarsvæðis utanþjóðkirkjusafnaðarins. 24. maí**

Með bréfi, dags. 9. f. m., hafið þér skýrt frá, að menn úr nágrannasóknunum hafi óskað eftir því að ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Gaulverjabæjarsókn, og hafið þér því farið þess á leit, að safnaðarsvæðið væri rýmkað þannig, að menn úr nágrannasóknunum megi ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir söfnuðinum, að stjórnarráðið samþykkir að takmörk safnaðarsvæðisins nái auk Gaulverjabæjarsóknar yfir Villingaholts og Stokkseyrarsóknir.

**Bréf stjórnarráðsins til biskups um ákvæði um inn- og úrsagnir manna milli 71**  
**utanþjóðkirkjusafnaða og þjóðkirkjusafnaða að því er gjaldskyldu snertir. 28. maí**

Með bréfi, dags. 3. þ. m., hafið þér, háæruverðugi herra, vakið máls á því að nauðsyn beri til að setja alment ákvæði um inn- og úrsagnir manna milli utanþjóðkirkjusafnaða og þjóðkirkjusafnaða að því er gjaldskyldu snertir.

**71** Útaf þessu hefir stjórnarráðið ákveðið, að umræddar úrsagnir skuli eftirleiðis miðast við fardaga, þannig að menn verða að segja sig út úr þjóðkirkjunni og inn í utanþjóðkirkjusöfnuð fyrir fardaga eða í fardögum til þess að losast við að greiða sóknargjöld til þjóðkirkjunnar það fardagaár, sem þá fer í hönd, samkvæmt lögum nr. 40, 30. júlí 1909.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að þessi úrskurður stjórnarráðsins hefir í dag verið birtur utanþjóðkirkjusöfnuðum þeim, er forstöðumann hafa, sem hlotið hefir staðfestingu.

**72** **Bréf stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Voðmúlastaðakirkju í Austur-**  
**28. maí Landeyjum og Sigluvíkurkirkju í Vestur-Landeyjum og bygging nýrrar kirkju að Akurey**  
**í Vestur-Landeyjum.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun héraðsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi 10. júní 1908 skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 20. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hérmeð veita leyfi til:

1. að Voðmúlastaðakirkja í Austur-Landeyjum og Sigluvíkurkirkja í Vestur-Landeyjum í Landeyjaprestakalli leggist niður,
2. að reisa skuli nýja kirkju í Landeyjaprestakalli að Akurey í Vestur-Landeyjum,
3. að til hinnar nýju Akureyjarkirkju leggist öll hin fyrverandi Sigluvíkursókn, bæir Voðmúlastaðasóknar vestan Affalls og bæirnir Bergþórshvoll og Kára-gerði, er heyrt hafa Krosssókn til, en eru fyrir vestan Affall,
4. að til Krosskirkju leggist bæir hinnar fyrverandi Voðmúlastaðasóknar austan Affalls,
5. að sjóður Sigluvíkurkirkju, andvirði kirkjuhússins niðurlagða, skruði og áhöld gangi óskift til Akureyjarkirkju,
5. að sjóður Voðmúlastaðakirkju, andvirði kirkjuhússins niðurlagða, skruði og áhöld skiftist milli Akureyjarkirkju og Krosskirkju í réttu hlutfalli við mannfjöldann, sem hvorri sókninni bætist við niðurlagning Voðmúlastaðasóknar,
7. að gjöld til prestsins í Landeyjaprestakalli haldist óbreytt af Sigluvíkur- og Voðmúlastaðaeignum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**73** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um tollheimtu.**

**28. maí** Með bréfi 9. apríl þ. á. hafið þér, herra sýslumaður, spurst fyrir um nokkur atriði, sem snerta tugamæli og tugavog við útreikninginn á tollgjöldum, og eru fyrirspurnir yðar þessar, sem nú skal greina.